

Foreldrafélag Núps - Fundargerð

Fundur nr.: 3 – skólaárið 2018/2019

Staður: Leikskólinn Núpur

Dagsetning: 9. janúar 2019

Tími: 20:30

Fundaritari: Halldóra

Mættir: Halldóra, Ester, Kristín, Auður og Ása

Dagskrá: Viðburðir á vorönn 2019.

Fyrsta efni fundarins var að fara yfir fjármál félagsins.

Sendir voru út 87 greiðsluseðlar og hafa 79 þeirra verið greiddir. Ekki er gert ráð fyrir að það náist að innheimta alla þá greiðsluseðla sem eftir eru, í besta falli 3-4 til viðbótar.

Búið er að greiða alla reikninga félagsins fram að þessu (jólaveinar, jólasveinagjafir, jólaleikrit).

Staða félagsins er í dag 407.042 kr.

Búið er að bóka fimleikasal hjá Fylki í Norðlingaholti þann 9. febrúar kl. 16 (í 1 ½ klst). Kostnaður við þetta er 25.000 kr.

Halldóra ætlar að taka saman auglýsingatexta ásamt korti og senda á Bryndísi um 2 vikum fyrir viðburðinn og biðja hana að koma þeim upplýsingum áfram til foreldra. Svo í vikunni fyrir minnum við aftur á og setjum líka inn á FB síður deilda.

Næst var stutt umræða um dansinn. Enginn virðist vita hver staðan er á honum. Dagný danskennari hafði verið í sambandi við Svönu, en nú er Svana farin í veikindaleyfi og síðast þegar við heyrðum í Dagnýju var þetta enn hálfpartinn í lausu lofti.

Kristín sendi póst á Dagnýju og spurði hver staðan væri.

Dansinn er langstærsti kostnaðarliður ársins svo ef hann klikkar þurfum við að huga að einhverju öðru.

Rætt var um að halda fræðslufyrirlestur fyrir foreldra í samstarfi við foreldrafélag leikskólans Dals.

Ákveðið var að fá Önnu Steinsson hjá Kvan til að halda fyrirlestur um sjálfstraust, jákvæð samskipti og fleira því tengdu. Stefnt er að því að halda fyrirlesturinn 26. febrúar kl. 20:30 í matsal Núps.

Ása ætlar að athuga hvort þetta henti þeim á Dal og Auður ætlar svo að vera í samskiptum við Önnu hjá Kvan.

Kostnaður við fyrirlesturinn er 65 þúsund og gerum við ráð fyrir að deila þeim kostnaði með Dal.

Morgunkaffi starfsmanna var rætt og ákveðið að halda sama striki og síðustu 2 ár og panta Bröns hjá Jóa Fel. Morgunkaffið verður á skipulagsdegi leikskólans þann 19. mars og ætlar Kristín að sjá um að panta hjá Jóa Fel, sækja og koma með í leikskólann (upp úr 8 – hálf 9).

Allir voru sammála um að fá ljósmyndara til að koma og taka myndir af börnunum eins og gert hefur verið síðustu ár, sér í lagi þar sem það kostar ekkert fyrir okkur. Það voru ekki allir ánægðir með ljósmyndirnar síðast svo við ætlum að hafa samband við Eirík Inga og Krissi og athuga hvort við getum fengið annað þeirra til að koma og taka myndir. Ester ætlar að athuga með þetta. Dagsetningu og tíma fyrir myndatökuna þarf að ákveða í samstarfi við leikskólann.

Næst var rætt um sveitaferðina. Okkur þótti ómögulegt hvernig Miðdalur stóð að málum í fyrra (það þurftu allir að vera búnir að skrá sig og leggja inn á reikning foreldrafélagsins fyrirfram, Kristín þurfti

svo að borga eingreiðslu til Miðdals). Þetta fyrirkomulag var bölvæð vesen og var óheppilegt fyrir bókhaldið (mikið af millifærslum sem margar hverjar voru skrátnar upphæðir). Fólk þurfti líka að vera búíð að skrá sig og borga fyrirfram, sem minnkar líkurnar á að fólk mæti. Það er líka leiðinlegt fyrir þá sem voru búnir að borga en forfölluðust síðan. Við viljum því helst sleppa við þetta núna og hafa það þannig að hver borgar bara fyrir sig á staðnum (eins og gert er á Hraðastöðum).

Kristín ætlar að byrja á að heyra í Grjóteyri og athuga með þá. Ef það gengur ekki ætlar hún að heyra í Hraðastöðum og ef allt þrýtur, Miðdal.

Stefnt er að því að fara á helgardegi í maí þegar komin eru lömb, eins og verið hefur síðustu ár.

Við ætlum að hafa svipaðar veitingar í sveitaferðinni og verið hefur – kleinur og kanilsnúðar. Í fyrra bauð bóndinn í Miðdal upp á mjólk og kaffi, annars höfum við verið að kaupa djús. Í fyrra kláruðust kleinurnar mjög fljótt svo við ætlum að kaupa 2 kassa næst (það er alls ekki dýrt) og hafa þá frekar smá afgang en að allt klárast snemma.

Gert er ráð fyrir að sveitaferðin + veitingar kosti ekki meira en 50 þúsund fyrir foreldrafélagið.

Samkvæmt því sem búíð er að ákveða og þeim pening sem foreldrafélagið á eru ágætis líkur á að það verði svolítill afgangur í árslok. Ása var sett í það verkefni að heyra í Bryndísi og öðrum deildarstjórum hvað þeim vantar/langar í (dót/bækur/púsl/síma/annað). Hún kom t.d. með þá hugmynd að kaupa þráðlausa BT hátalara inn á deildirnar sem hægt væri að nota t.d. fyrir slökunartónlist í hvíldinni.

Að lokum var ákveðið að senda fyrirspurn á leikskólasvið Kópavogsbæjar varðandi stöðuna á innleiðingu einhversskonar upplýsinga-apps fyrir leikskólana. Slíkt app myndi koma upplýsingum um svefn, hvernig barnið borðaði og klósettferðir til foreldra auk þess sem hugsanlega mætti nota það til að senda foreldrum myndir.

Auður ætlar að taka að sér að senda Kópavogsbæ þessa fyrirspurn fyrir hönd foreldrafélagsins og foreldraráðsins.

Fundi lauk klukkan 21:30.